

# 101. Stjórnarfundur Fenúr

14. maí, 2008

**Mætt:** Guðmundur T. Ólafsson, Guðmundur B. Friðriksson, Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Ragna Halldórsdóttir.

**Staður og stund:** Sorpa, Gufunesi þann 14. maí.

## Þetta gerðist

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 100 og aðalfundar Fenúr voru samþykktar.
2. HJB tók að sér fundarritun.
3. Stjórn skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Guðmundur T. Ólafsson, formaður, Helga Jóhanna Bjarnadóttir, varaformaður, Ragna Halldórsdóttir, gjaldkeri og Guðmundur B. Friðriksson ritari. Lagfæra þarf frétt á heimasíðu er varðar hlutverk stjórnarmanna, þ.e. varðandi hlutverk Helgu og Guðmundar B. F.
4. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með hversu vel tókst til með ráðstefnuna “Úrgangsmál og markaðsmál – hvernig náum við árangri?” sem haldin var í kjölfar aðalfundarins 18. apríl. Um 60 manns sóttu ráðstefnuna. Garðabæ er sérstaklega þakkað fyrir höfðinglegar móttökur og veitingar.
5. ISWA; Nýlega fór fram kosning varðandi flutning skrifstofu ISWA frá Kaupmannahöfn til Vínarborgar. FENÚR greiddi atkvæði með flutningi skrifstofunnar til Vínarborgar. Stjórn samþykkti þátttöku formans FENÚR í aðalfundi ISWA sem haldinn verður í haust í Singapúr. Guðmundur T. Ól. mun undirbúa fund með umhverfisráðherra til að afla styrkja til starfsemi FENÚR og ræða hugsanlega aðkomu Ráðuneytisins í afmælishátíð FENÚR.
6. FENÚR merkin; Ragna upplýsti að Úrvinnslusjóður sé að skipuleggja endurvinnsluáttak í haust sem felst í keppni milli framhaldsskólanna.. Stefnt er að kynningarátaki um FENÚR merkin á sama tíma. Myndefni tveggja Fenúr merkja var rætt. Ræddar voru hugmyndir að gler og postulín merkinu og einnig merkinu fyrir málma. Myndefni fyrir gler og postulín gæti verið brotin glerkrukka og vaski snúið (sem nú er á merkinu). Einnig hugmynd að nota mósaík flísabrot. Fyrir málma var rætt um að hafa niðursuðudós, skrófu, ró, bolta eða púströr. Rögnu var farlið að ræða við teiknarann um útfærslur.
7. 10 ára afmæli Fenúr;
  - Ræddar voru tilnefningar í afmælisundirbúningsnefnd. Ragna var tilnefnd úr stjórn Fenúr sem formaður. Einnig var stungið upp á að Umhverfisráðuneytið ætti fulltrúa í nefndinni, Samtök Sveitarfélaga (Lúðvík Gústafsson), HÍ (Brynhildur Davíðsdóttir) og Samtök Iðnaðarins (Bryndís Skúladóttir). RH mun koma málinu áfram.
  - Rætt um að miða við að halda 1-1,5 dags ráðstefnu.
  - GTÓ og RH munu kanna hverjir komu að stofnun félagsins.
  - Rætt var um að fá erlenda fyrirlesara til ráðstefnunnar
8. Önnur mál; GTÓ og Björn Halldórsson eru á leið á NAF fund í Svíþjóð. Samþykkt var að Fenúr greiði um 100 þús. í kostnað vegna NAF fundar á Íslandi sem haldinn verður í júní 2009.
9. Næsti fundur: 2. júní, kl. 13 hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar. Fleira ekki rætt og fundi slitið.